LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að koma því í samninga um Landsmót og Íslandsmót að öll hross fari í fótaskoðun á Íslandsmótum, Landsmótum og Fjórðungsmótum. Í framhaldinu að koma því í reglugerðir um Landsmót, Íslandsmót og Fjórðungsmót.

Greinargerð:
Samkvæmt núgildandi reglum er nægilegt að 25% hrossa fari í fótaskoðun á WR-mótum. Á stærri mótum, þar sem starfsfólk er þegar til staðar við fótaskoðun, væri rétt og eðlilegt að fótaskoða öll hross. Þetta yrði mikilvægur þáttur í því að efla velferð keppnishrossa.